



Starfsmannaráðgjöf Starfsafls

Umsagnir fyrirtækja

Skólamatur ehf. var fyrir örfáum árum aðeins lítill vinnustaður, en hefur aukið umsvif sín gríðarlega á skömmum tíma. Starfsmenn eru einn af lykilþáttum í rekstri fyrirtækisins og er því meginmarkmið stjórnenda Skólamatar að leggja æ ríkari áherslu á mannauðinn.

Sá faglegi þáttur sem Starfsafl hefur lagt til fyrirtækisins hefur ekki aðeins aukið upplýsingaflæði til starfsmanna, innra eftirlit og þekkingu stjórnenda á öllum þáttum fyrirtækisins, heldur einnig aukið öryggi starfsmanna og mun að öllum líkindum auka vellíðan starfsmanna í heild. Stjórnendur Skólamatar stefna á enn frekari samstarf við Starfsafl og vona að sem flestir nýti sér þau frábæru tækifæri sem Starfsafl býður uppá. Fagmennska, persónuleg samskipti og trúnaður er greinilega í hávegum haft.

Fanný Axelsdóttir

framkvæmdastjóri Skólamatar.

Við hjá Vífilfelli hf. erum mjög ánægð með útkomu samstarfsverkefnis Starfsafl og Vífilfells um þjálfun og fræðslu.

Verkefnið hefur leitt til þess að við höfum breytt áherslum í þjálfun og fræðslu og okkur tekst núna betur að uppfylla þær formlegu kröfur sem gerðar er til okkar í gæðastöðlum Coca-Cola fyrirtækisins. Útkoman er án efa meiri ánægja starfsmanna og yfirmanna og öll vinna í kringum móttöku nýliða einfaldari og markvissari.

Anna María Pétursdóttir

starfsmannastjóri Vífilfells

Það er okkur gríðarlega mikilvægt að starfsfólk finni sig velkomið til starfa hjá ÍAV. Með þátttöku í tilraunaverkefni Starfsafls var unnið að bættum ferlum og gátlistum varðandi móttöku nýrra starfsmanna. Aðkoma ráðgjafa þeirra gerði þessa vinnu bæði lærdómsríka og skemmtilega. Við hjá ÍAV erum mjög ánægð með hvernig til tókst og þessi vinna á vafalaust eftir að gera okkur betur kleift að takast markvisst á við þau verkefni sem felast í móttöku nýrra starfsmanna auk þess að auðvelda nýjum starfsmönnum að hefja hér störf.

Eiríka G. Ásgrímsdóttir

fræðslustjóri ÍAV